

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 8. Mars 2012 klukkan 20:00

Mættir eru: Kristín, Þorgerður, Óskar, Þorsteinn, Edda Kamilla, Kristlaug, Einar, Birkir, Jóhanna
Boðuð forföll:

Kristín setti fundinn 20:13

Óskar þurfti að yfirgefa fundinn.

1. Styrkumsóknir
Engar styrkumsóknir hafa borist.
2. Innsend bréf
 - a. Frá Hörgársveit, Rekstrarstyrkur 2012
Jákvætt svarbréf barst frá Hörgársveit.
 - b. Frá Dalvíkurbyggð, styrkur v/árspings UMSE
Fengum styrk vegna ársþingsins, þar á meðal vegna húsaleigu.
 - c. Bréf frá UMFÍ v/fjölskyldan á fjallið.
Landsverkefni UMFÍ, verkefnið gengur út að settir eru upp póstkassar með gestabókum á fjöll. UMFÍ biður okkur um að tilnefna fjall og stutta lýsingu á leiðinni. Þetta þarf að berast fyrir 11. apríl nk. vegna útgáfu handbókar frá UMFÍ um fjöllin sem í verkefninu eru.
Kristín ætlar að finna einhvern sem að getur gefið stutta og góða lýsingu á leiðinni upp á Staðarbyggðafjall.
- Jóhanna mætti á fundinn.
3. Ársþingið.
 - a. Tillögur
Rennt var yfir tillögurnar og rekstraráætlun.
 - b. Kjörbréf
 - i. Aðildarfélög
Kjörbréfin eiga að fara út á morgun.
 - ii. Stjórn
 - c. Gestir þingsins
Tillögur að þeim, ÍSÍ, UMFÍ. Fulltrúi sveitarfélagsins, Bústólpa, Búnaðarsambandsins, UFA.
 - d. Starfsmenn þingsins
 - i. Ritara
Kristlaug ritari verður ritari en það á eftir að finna annan ritara.
 - ii. Forsetar
Búið er að óska eftir því að Kristján Sigurðsson taki það að sér en það á eftir að finna annan forseta.
 - e. Dagskrá
Það þarf að kjósa í landsmótssjóði á ársþinginu, það þarf að finna því stað, jafnvel að setja það undir önnur mál.
 - f. Tillögur af formönnum starfsnefnda á þingi.
Einar, gjaldkeri verði formaður forlaganefndar, Jónas Vigfússon verði formaður laganeftndar, Jóhanna verði formaður íþróttanefndar.
 - g. Veitingar
Bjóða á ungmennafélaginu Reyni að taka að sér veitingar á ársþinginu.

- h. Þátttaka
Það er ekki alveg komið á hreint en gert er ráð fyrir um það bil 60 manns í mat.
 - i. Seinna þingboð
Fer út á morgun og mun innihalda dagskrá þingsins, tillögur, kjörbréf og kjör íþróttamanns.
 - j. Skýrsla stjórnar
Óskar er að vinna í skýrslunni.
 - k. Skýrsla nefnda
 - i. Frjálsíþróttanefnd
Hún er komin.
 - ii. Knattspyrnunefnd
Hún er komin.
 - iii. Unglingalandsmótsnefnd
Er komin, en á eftir að fara í gegnum yfirllestur.
 - l. Starfsskýrslur aðildarféлага
Frestað til næsta fundar
 - m. Kjör Félagsmálalabikarsins
Frestað til næsta fundar
 - n. Tillögur um tilnefningu til íþróttamanns UMSE 2011
Komnar eru inn nokkrar tillögur til íþróttamanns UMSE 2011.
Búið er að tilnefna íþróttamenn í sundi, golfi, skíðum, frjálsum, knattspyrnu, hestaíþróttir og bridge.
Þessum lið frestað þar til á næsta fundi.
 - o. Kjörseðill vegna kjörs íþróttamanns UMSE 2011
Frestað til næsta fundar.
 - p. Viðurkenningar vegna afreka
Þorsteinn á eftir að senda Kristínu listann, mun gera það um helgina eða strax eftir helgi.
 - q. Heiðursviðurkenningar
 - i. UMSE
 - ii. ÍSÍ
 - iii. UMFÍFrestað til næsta fundar.
4. Fundur með UFA, Akureyrarbæ og umsjónarmanni Þórsvallar vegna frjálsíþróttanna.
Óskar og Þorsteinn fóru á fund með Gunnari Gíslasyni UFA, Nóa Björnssyni Akureyrarbæ og Sigfúsi Helgasyni umsjónarmanni Þórsvallar. Farið yfir málin og hvaða lausnir væru í stöðunni. Tillaga um að UFA taki á mótí UMSE krökkum í þjálfun gegn einu og hálfu æfingagjaldi. UMSE haldi tímanum á vellinum á þriðjudögum og UFA noti hann við æfingar. Þetta fyrirkomulag yrði til skamms tíma á meðan báðir aðilar eru að skoða framhaldið, sérstaklega hvernig kostnaður við þjálfar þróast og einnig áhaldakaup.
Þorsteinn ætlar að ganga frá þessum málum.
5. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 15. Mars 2012 klukkan 20:00
Fundi slitið 22:05

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður